

Setning ráðstefnu um Evrópuár aldraðra 14. Mars. 2012.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara.

Velferðarráðherra, ágætu gestir, ungir sem aldnir.

Ég vil bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin á þessa ráðstefnu Landssambands eldri borgara, Öldrunarráðs Íslands og Velferðarráðuneytisins sem haldin er í tilefni þess að í Evrópu eru nú málefni aldraðra í brennidepli. ESB hefur ákveðið að öll löndin muni vekja athygli á málefnum aldraðra á þessu ári og hafa þar sem yfirskrift Að brúa bil milli kynslóða, virkni aldraðra, heilsu og afkomu til framtíðar. Ég vil lýsa sérstaklega yfir ánægju með það að hér skuli hafa tekist samvinna milli þessara aðila sem standa að ráðstefnunni. Það var LEB sem hafði forgöngu um að vekja athygli á því að þetta ár skyldi helgað umræðu um málefni aldraðra. Þessi ráðstefna er fyrsti opinberi viðburðurinn til þess að halda því á lofti og síðan hafði Öldrunarráð einnig verið með hugmynd að ráðstefnu og niðurstaðan var sú að gera þetta sameiginlega ásamt Velferðarráðuneytinu sem styrkir þessa ráðstefnu okkar myndarlega og vil ég þakka kærlega fyrir það.

Við í Landssambandinu erum aðilar að sex landa norrænu samstarfi landssamtaka eldri borgara þar sem þrjú löndin eru innan ESB en tvö aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og eitt utan þess. Á fundi þessara samtaka í nóvember sem haldinn var í Danmörku var mikið rætt um Evrópusamstarfið og hvernig við gætum haft áhrif á ákvarðanatöku innan ESB um okkar mál. Svíþjóð hefur á sínum snærum mikið samstarf um þessi mál og fulltrúa sem fylgist með því sem gerist enda eru þeir í ESB. Það var ályktað á þessum norræna fundi að við þyrftum að leggja áherslu á að koma okkar hagsmunum að í ESB starfinu og vera vel á verði um að halda því sem áunnist hefur t.d. í kjaramálum. En síðustu árin hefur þrengt að í fjármálum flestra landa og við þurfum að vera vel á verði um að missa ekki það sem áunnist hefur og helst að bæta við, því enn eru margir aldraðir sem búa við þröngan kost og það gildir líka hjá okkur. Og Sænsku samtökin hafa lagt mikið af mörkum til upplýsingastarfs um það sem gerist í málefnum aldraðra á Evrópuvettvangi. Við hér í LEB fáum reglulega upplýsingar frá þessum fulltrúa sænsku samtakanna. Danmörk, Finnland og Noregur hafa opnað vefsíðu um

Evrópuárið 2012. Við hér í LEB höfum líka unnið að vefsíðu fyrir eldri borgara í samvinnu við Háskóla Íslands þar sem eldri borgarar gætu fundið í gagnagrunni allt það nýjasta um málefni aldraðra, sem snertir löggjöf, afkomu, félagsstarf, heilsu, íþróttir og vera auk þess samskiptasíða eldri borgara, eða eins konar fésbók eldri borgara. Undirbúningur að þessari upplýsingagátt eins og við viljum kalla það fór fram s.l. sumar og haust með fjögurra mánaða vinnu, og við lögðum í það nokkuð fjármagn eins og Háskólinn, en því miður hefur ekki tekist að ljúka því alveg og við sjáum ekki fram á fjármuni til að reka slíka upplýsingagátt, því það er ekki nóg að opna hana með ákveðnum upplýsingum, heldur þarf að halda síðunni við, uppfæra nýjar upplýsingar reglulega. Til þess þarf starfsmann.

Og 29. Apríl er á Norðurlöndunum sérstaklega tileinkaður samstöðu milli kynslóða og þá bjóða skólar eldra fólki að koma og efna til umræðu milli yngri og eldri í tilefni dagsins. Þetta gætum við gert líka og erum reyndar byrjuð að gera, því í janúar s.l. þá mættum við tvær úr stjórn LEB í Háskóla Íslands hjá nemendum í félagsráðgjöf og kynntum starf LEB og áherslur í málefnum aldraðra. Það er fyrirhugað að það verði aftur í apríl. Ég held að þetta mætti gera meira af því það eykur skilning og samstöðu milli kynslóða. Ég vona að aukning verði á þessu og þetta gætu eldri borgara félögin gert hvert í sinni heimabyggð. Farið í skólana og spjallað við nemendur. Brúað þannig bil á milli kynslóða.

Með þessari ráðstefnu viljum við vekja athygli á öldruðum á jákvæðan hátt. Benda á hve mikið við erum að leggja til samfélagsins, benda á allt það starf sem FEB-félögin innan LEB eru að gera, sem er alveg ómetanlegt sjálfbóðastarf til að bæta úr félagslegri þörf og halda fólki virku. Væri það reiknað með í hagstærðum þá hefði það örugglega mikið vægi. Nokkrir fyrirlesarar hér á eftir munu koma inn á þessi mál. Og allt þetta bendir til verulegrar virkni aldraðra. Nú vitum við það að öldruðum fjölgar í þjóðfélaginu á næstu árum. Í dag eru 67 ára og eldri um 11% þjóðarinnar en hefur fjölgað um meira en helming eftir 40 ár. Þetta kallar á margvíslegar úrlausnir, ég vil ekki kalla það vandamál. Með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar fjölgar auðvitað öldruðum. En með bættri heilsu eru líka fleiri og fleiri virkir þjóðfélagsþegnar þó aldraðir séu. T.d. fjölgar þeim sífellt sem nýta sér tölvutæknina. Og í okkar félagahópi þar sem eru 54 aðildarfélög eru aðeins fjögur sem ekki eru tölvutengd. Það eykur líka

samband milli kynslóða því margar ömmur og afar fylgjast með lífi barnabarnanna með því að vera á „feisbúkk“. Og það hefur virkilega orðið til þess að brúa bilið á milli kynslóða.

Þá erum við líka í LEB í samstarfi við UMFÍ um íþróttamót 50+ sem hófst í fyrra með móti á Hvammstanga og verður aftur í ár í Mosfellsbæ í júní. Ég veit að fólk hefur verið að fara erlendis til að taka þátt í ýmsum mótum eldri borgara af því ekkert slíkt var hér á landi, en með þessu frumkvæði UMFÍ er komið til móts við þennan hóp sem fer stækkandi, því fleiri og fleiri eldri borgarar eru það hressir að þeir halda áfram að stunda íþróttir fram á efri ár, sem gerir líka að verkum að fólk heldur heilsu miklu lengur og betur. Þessi mót eru fyrst og fremst til að koma saman, sýna íþróttir, dans, starfsíþróttir og hafa gaman saman.

En svo er það afkoma okkar eldri borgara sem líka er eitt af markmiðum Evrópuársins að við getum lifað án þess að hafa stöðugar fjárhagsáhyggjur. Við vitum að það þrengir að um allan heim og það höfum við líka fundið fyrir hér á Íslandi. En við megum heldur ekki gleyma því að það eru ekki bara eldri borgarar sem hafa áhyggjur af afkomu sinni það er líka unga fólkið ekki síst barnafólkið. Kannanir sem gerðar voru árið 2006 sýndu að það var tiltekinn fjöldi bæði eldri borgara og yngri sem taldi sig varla ná endum saman. Þetta er enn erfiðara í dag fyrir báða þessa hópa. Við skulum samt ekki falla í þá gryfju að halda að þetta sé verst hjá okkur. Miklir erfiðleikar steðja að frændum okkar Færeyingum, það heyrði ég á fundinum s.l.haust. Það sem mér finnst aðallega að hjá okkur eldri borgurum á Íslandi, eru allar þær tekjutengingar sem settar hafa verið síðustu ár, bæði á lífeyristekjur og atvinnutekjur. Stór hluti eldri borgara hefur ekki nema 40-50.000 kr. í tekjur úr lífeyrissjóðum og það eykur ekki ráðstöfunartekjur þeirra, vegna skerðingarákvæða. Það er óviðunandi. Það er heldur ekki hægt að bæta hag sinn með einhverri vinnu, því það er bara tekið aftur með skerðingu og víxlverkun bóta almannatrygginga. Þetta þarf að laga og því höfum við haldið á lofti í okkar kjarabaráttu og munum halda áfram. Kannske næst árangur í því í tilefni Evrópuársins, því eitt af markmiðum þess er að lífsskilyrði aldraðra séu góð, og þeir hafi eðlilega framfærslu af sínum eftirlaunum.

Hins vegar hefur verið gert mikið átak af hálfu ríkisstjórnarinnar í því að byggja ný hjúkrunarheimili á næstu árum og nú munu vera um 9 heimili í byggingu

víða um land. Við eldri borgarar viljum að þau hjúkrunarheimili sem byggð verða séu í minni einingum og heimilislegru, og þar horfum við til hugmyndafræði um Lev og bo eða Eden hugmyndafræði sem byggist á því að hægt sé að halda sem eðlilegustu heimilislífi, þó fólk þurfi að flytja af sínu eigin heimili. Og ég hygg að þannig verði byggð þau nýju heimili sem nú er unnið að. Hluti af þessu átaki er líka að eyða tvíbýlum því það er sterk krafa að allir eigi vöð á einbýli á hjúkrunarheimilum. Það var nauðsynlegt að standa að fjölgun hjúkrunarrýma, vegna þess að það eru fleiri sem ná háum aldri og alltaf þarf tiltekið hlutfall fólks á því að halda að geta fengið að dvelja á hjúkrunarheimili síðustu árin. En flestir vilja þó vera heima sem lengst og það er hin opinbera stefna. En þetta mun gjörbreyta aðstöðu eldra fólks á næstu árum.

Í Landssambandinu höfum við lýst yfir ánægju með þetta átak. Ég sé það heldur ekki fyrir mér að unga fólk í dag myndi sætta sig við að vera sett á hjúkrunarheimili til dvalar í herbergi með alókunnugu fólk.

Við erum með þessu Evrópuári aldraðara að vekja athygli á því hve margt jákvætt er að vera aldraður í dag, hve mikið við getum lagt af mörkum og erum að leggja af mörkum, með virkni okkar, reynslu og þekkingu til hagsbóta fyrir alla bæði unga sem aldna í íslensku þjóðfélagi, en jafnframt að við viljum gera það á jafnréttisgrundvelli í öllu tilliti, og að það sé metið bæði bæði félagslega og fjárhagslega.

Takk fyrir.